

AUGLÝSING

um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu

Sveitarfélagið Rangárþing ytra auglýsir eftir aðilum til að nýta lóð undir hálendismiðstöð í Hrauneyjum. Um er að ræða ca 6 ha lóð, landnúmer 179274 sbr. deiliskipulag, dags. 04.04.2011 um svæðið.

Sú kvöð fylgir lóðinni undir hálendismiðstöðinni að leigutaka er skylt að leysa til sín öll mannvirki á henni óski eigendur þeirra eftir því.

Umrætt svæði er á þjóðlendu (Landmannaafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2 /2003. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Rangárþings ytra til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að varalengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef það metur umsóknir ekki fullnægjandi og uppfylli ekki markmið sveitarfélagsins vegna lóðarinnar.

- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðina í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- hvað viðkomandi aðili vill greiða háa leigu fyrir notkun á umræddum reit og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnissjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddu svæði og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 25 ára.
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa á miðhálendinu.

Upplýsingar um deiliskipulag svæðisins má nálgast á skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu og á heimasíðu sveitarfélagsins www.ry.is.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til sveitarfélagsins Rangárþings ytra, eigi síðar en 30. desember 2022.